



Stjórnarráð Íslands  
Umhverfis-, orku- og  
loftslagsráðuneytið

urn@urn.is  
545 8600

Skuggasundi 1,  
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Laxar Fiskeldi ehf.  
Hlíðasmára 4  
201 Kópavogur

Reykjavík 24. maí 2022  
Tilv.: UMH22010335/8.14

Vísað er til erindis yðar frá 27. janúar sl. þar sem sótt er um tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi vegna starfsemi Laxa Fiskeldi ehf. í Reyðarfirði sem heimili 10.000 tonna hámarkslífmassa á svæðunum Kolmúla, Rífskeri, Vattarnesi og Hafranesi þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út af Umhverfisstofnun.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I–IV, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Ráðherra er heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé, sbr. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fram kominn fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis og, ef við á, að fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum eða niðurstaða um matskyldu starfseminnar. Afmarka skal undanþágu við þá þætti sem nauðsyn krefur í samræmi við þá meginreglu að allur atvinnurekstur skuli hafa gilt starfsleyfi.

Ráðuneytið sendi erindið til umsagnar Umhverfisstofnunar.

Umsögn Umhverfisstofnunar barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 19. maí sl. Í umsögninni kemur fram að stofnunin hafi með bréfi dags. 19. apríl sl. staðfest að umsókn Laxa Fiskeldis ehf. vegna starfsleyfis fyrir sjókvíaelði við utanverðan Reyðarfjörð væri fullnægjandi. Þá liggi fyrir álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum dags. 4. janúar 2019, ásamt áætlunum um burðarþol og áhættumat vegna erfðablöndunar. Umhverfisstofnun hafi þann 2. október 2020 tekið ákvörðun um breytingu á starfsleyfi Laxa Fiskeldis ehf. í utanverðum Reyðarfirði. Breytingin hafi falið í sér að í starfsleyfinu var heimilaður lífmassi 10.000 tonn í stað 3.000 tonna áður. Þann 14. desember sl. hafi úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, í máli nr. 119/2020, felld úr gildi ákvörðun stofnunarinnar. Ástæða þess hafi verið að burðarþolsmat og áhættumat erfðablöndunar hafði ekki farið fram samkvæmt lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana, nú lögum nr. 111/2021. Laxar Fiskeldi ehf. hafi því sem stendur aðeins heimild til reksturs 3.000 tonna lífmassa í utanverðum Reyðarfirði. Nú þegar hafi verið sett út seiði á Vattarnesi, sem rúmast innan þess 3.000 tonna starfsleyfis sem er í gildi á svæðinu. Umhverfisstofnun hafi óskaði eftir nánari upplýsingum frá umsækjanda um áform þess á svæðinu þann 6. maí sl. Stofnuninni hafi sama dag borist svar um að rekstraraðili áformi ekki að setja út frekari lífmassa í ár. Lífmassinn sem nú þegar

sé í kvíunum muni hins vegar verða kominn í 3.200 tonn samkvæmt áætlunum í lok júní, um 3.700 tonn í júlí og 4.270 tonn í ágúst og því liggi fyrir að lífmassinn muni fara umfram heimildir í gildandi leyfi í sumar. Slátrun fisksins verði framkvæmd fyrir 1. september nk. Varðandi ríkar ástæður þá áréttar umsækjandi að hann hafi þegar lagt í miklar fjárfestingar í búnaði og lífmassa í tengslum við útgefin leyfi. Á það við um beinar fjárfestingar vegna starfsemi sjókvíaeldisstöðva í Reyðarfirði sem og fjárfestingar í lífmassa, húsakosti og búnaði á þremur seiðastöðvum félagsins. Umhverfisstofnun hafi auglýst starfsleyfið að nýju og athugasemdafrestur sé til 6. júní nk. Stofnunin áformi að starfsleyfið verði gefið út að athugasemdafresti liðnum í lok júní, enda hafi niðurstaða umhverfismatsins ekki leitt til breytinga á borðarþolsmati og áhættumati Hafrannsóknarstofnunar. Í ljósi nýrra upplýsinga og vegna þess að starfsleyfi rekstraraðila hafi verið ógilt af úrskurðarnefndinni fyrir auknum heimildum telji stofnunin ríkar ástæður til að heimila rekstraraðila að vera með 1.500 tonn af lífmassa aukalega við 3000 tonna leyfi hans. Með hliðsjón að öllu framangreindu telji Umhverfisstofnun að skilyrði fyrir tímabundinni undanþágu sé uppfyllt og leggi til að umrædd undanþágu frá starfsleyfi verði veitt að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Í ljósi framangreinds, umsagnar Umhverfisstofnunar, að fram er komin fullnægjandi starfsleyfisumsókn til Umhverfisstofnunar, að ríkar ástæður mæla með undanþágu og í samræmi við ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir fellst ráðuneytið á að veita starfsemi Laxa Fiskeldi ehf. í Reyðarfirði heimild til að vera með 4.500 tonna hámarkslífmassa á svæðunum Kolmúla, Rífskeri, Vattarnesi og Hafranesi að því tilskildu að fyrirtækið uppfylli að öðru leyti ákvæði gildandi starfsleyfis sem Umhverfisstofnun gaf út 17. mars 2020 og lög og reglugerðir sem um starfsemina gilda, sérstaklega ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og þeim kröfum sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Umhverfisstofnun fer með eftirlit með starfseminni í samræmi við reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út en þó eigi lengur en til 1. september 2022.

Umhverfisstofnun skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Trausti Ágúst Hermannsson

Afrit:  
Umhverfisstofnun  
Matvælastofnun  
Heilbrigðisnefnd Austurlands